Flækjurnar hjá Fo

Leiklist

Jóhanna Kristjónsdóttir

Leikfélagið Allt milli himins og jarðar sýndi í Verzlunarskólanum:
Næturbrölt á Kóngsbakka, tveir skopleikir eftir Dario Fo
Lýsing: Einar Helgason
Hljóð: Birgir Birgisson
Aðstoðarleikstjórar: Hrafnhildur Arnarsdóttir og María S. Baldursdóttir
Leikstjóri: Einar Jón Briem



DARIO Fo er vinsæll hjá íslenzkum leikhúsgestum og allmörg verka hans hafa verið sýnd í aðskiljanlegum leikhúsum okkar. Minnisstæður er mörgum fyrsti flutningur á verki eftir hann hjá Leikfélagi Reykjavíkur á „Þjófum, líkum og fölum konum.“ Sú sýning þótti um margt nýstárleg.

Dario Fo hefur sannarlega verið litríkur persónuleiki í leikhúsbókmenntunum síðan hann kom fyrst fram fyrir röskum þrjátíu árum. Hann hefur beint háðskeytum sínum í ýmsar áttir og engum hlíft. Ádeila hans á spillingu er þó jafnan krydduð undursamlegri kímni, svo að verk hans hafa náð til fjöldans og að verðleikum, að mínu viti.

Þættirnir tveir sem leikfélag Verzlunarskólans færir upp á listahátíð skólans eru komnir nokkuð til ára sinna.„ Betri er þjófur í húsi en snurða á þræði“ og„ Þegar þú verður fátækur, skaltu verða kóngur.“ Þættirnir hafa yfir sér einkenni og svipmót fyrri leikverka Dario Fos, hraði, grín og læti, en handan orðanna dýpri skilaboð. Sem við ráðum hvort við meðtökum hvert og eitt, eða skemmtum okkur bara yfir grínið.

Skólasýningar hafa jafnan í sér glaðan og hressan tón. Það er kannski ósköp þreytandi fyrir nemendur að heyra sýknt og heilagt talað um leikgleðina, sem sé alls ráðandi. En hjá þeim skólum, sem ekki eiga því lengri leiklistarhefð að baki er leikgleðin auðvitað meginmálið. Að leikendur og áhorfendur skemmti sér. Það er ekki ástæða til að gera lítið úr kátínunni.

Margir leikendur koma fram í þáttunum. Vert er að minnast á nokkuð snjalla sviðsframkomu Þórhildar Pétursdóttur í hlutverki Konunnar í fyrri þættinum. Björgvin Már Kristinsson átti líka góða kafla sem þjófurinn. Í „Þegar þú verður fátækur skaltu verða kóngur“ ríkti mikið fjör og förðunin í þeim þætti hjálpaði lítt þjálfuðum leikendum heilmikið. Athygli mína þar vakti Guðrún Jónsdóttir, Trommuleikari fyrir ágæta mímík. Ingimundur Guðmundsson var snöfurlegur soldánn og Hilmar Þórðarson ljómandi góður Trompetleikari. Sigurbjörn Einarsson í hlutverki Kóngsa hafði raunar ekki förðun til að hjálpa sér, en það sakaði ekki vitund og Sigurbjörn gerði hlutverkinu verulega góð skil.

Leikstjóri hefði þurft að vanda betur staðsetningar sérstaklega í fyrri hluta og framsögnin var gloppótt hjá leikendum. En hvað um það. Allir skemmtu sér.

Einkavæðing og markaðskerfið

Erlendar bækur

Guðmundur Heiðar Frímannsson

David Howell: The New Capitalism, Center for Policy Studies, 1986.

Það mun flestum kunnugt að brezka ríkisstjórnin hefur á umliðnum árum ráðizt í umfangsmikla einkavæðingu. Hún felst í sem allra styztu máli í því að ríkið hefur selt töluvert af eigum sínum til einkaaðila. Þetta hefur gerzt með margvíslegum hætti. Þegar orðið einkavæðing er notað er verið að vísa til margbrotins fyrirbæris, sem þó á þennan þátt sameiginlegan að einstaklingar eignast hluti, sem áður voru í eigu hins opinbera.

Ég held að ekki sé ofsagt að einkavæðing sé áhrifamesta aðgerð, sem ríkisstjórn Margaret Thatcher hefur gripið til á valdatíma sínum sl. átta ár. Er þó af mörgu að taka. Með einkavæðingu hefur hún breytt pólitísku landslagi í Bretlandi, ef svo má að orði komast.

Fyrsta atriðið, sem ber að nefna í einkavæðingunni, er sala á íbúðum í eigu bæjarfélaga. Annað atriði er aukin kvöð á sveitarfélög að bjóða út þjónustu sína. Þriðja atriðið er sala á ríkisfyrirtækjum. Fyrr á árinu voru flugvellirnir seldir og nú stendur yfir auglýsingaherferð á hlutabréfum í BP, sem verður stærsta sala á hlutabréfum, sem nokkru sinni hefur farið fram. Cecil Parkinson, núverandi orkumálaráðherra, er þegar farinn að undirbúa sölu á raforkufyrirtækjum í landinu.

En hvers vegna er verið að framkvæma einkavæðingu? Hvaða rök hníga til þess að losa ríkið við eigur sínar með þessum hætti? Þessu má svara með ýmsum hætti. Það er verið að þessu til að styrkja ríkissjóð og draga úr lánsfjárþörf hans og þar með úr þenslu á fjármálamörkuðum. Það væri hægt að segja að fyrirtæki í einkaeigu séu að öllu jöfnu betur rekin en fyrirtæki í ríkiseign. En þótt þetta séu mikilvægar ástæður, sem eiga við ýmis rök að styðjast, þá er þetta samt ekki mikilvægast.

Denis Howell, höfundur þessa bæklings, rekur hugmyndirnar að baki einkavæðingunni, hvernig þær áttu undir högg að sækja vegna andsnúins almenningsálits og sérfræðinga. En smám saman náðu þær fótfestu og í leiðtogatíð Thatcher hafa þær orðið mikilvægur liður í efnahagsstefnu stjórnvalda. Howell starfaði að stefnumótun fyrir Íhaldsflokkinn á valdaárum Heath og Thatcher og hefur verið áhrifamikill talsmaður einkavæðingar.

Mikilvægustu rökin fyrir einkavæðingunni að mati Howell og ýmissa annarra forystumanna Íhaldsflokksins eru þau að útbreidd hlutafjáreign gefur almenningi kost á því að hafa aðrar tekjur en einvörðungu laun af vinnu sinni og skapar honum þar með meira öryggi. Ef fjármagnseign verður almenn, eins og stjórnvöld stefna að leynt og ljóst, má líka búast við auknum sveigjanleika á launamarkaðinum.

Einkavæðingin er hluti af efnahagsstefnu stjórnvalda. Stefna ríkisins í fjármálum miðar að því að halda verðbólgu niðri og skapa almenn skilyrði til hagvaxtar. En stefnan í fjármálum ríkisins ein saman skapar ekki hagvöxt. Einkavæðingin og ýmsar aðgerðir aðrar til að ýta undir það að einstaklingar stofni fyrirtæki sjálfir, til að laða fram frumkvöðla og framkvæmdamenn, hafa átt þátt í því að hagvöxtur heur verið meiri í Bretlandi en víðast annars staðar á Vesturlöndum. Fjármálaráðherrann spáir að hann verði um 3% á næsta ári, sem yrði þá sjöunda árið í röð, sem hagvöxtur yrði um 3%. Minni fyrirtækjum hefur fjölgað og einstaklingum, sem vinna hjá sjálfum sér, hefur fjölgað verulega. Jafnvel í verst leiknu hlutum stórborganna hefur tekizt að ýta undir smáfyrirtæki, þótt þar þurfi meira til.

Ef stjórninni tekst ætlunarverk sitt að fjármagnseign verði almenn, þá má búast við að því fylgi breytingar á öðrum hlutum í stjórnmálum. Aðalbreytingin yrði að líkindum sú að verkaskipting ríkis og einstaklinga, sem felst í því að ríkið sér um viðamikið velferðarkerfi á meðan atvinnulífið stjórnast af hagnaðarvoninni einni, verði önnur. Fjármagnseign skapar öryggi og ábyrgð. Hver einstaklingur mun að líkindum bera meiri ábyrgð á eigin velferð en verið hefur og velferð annarra honum nákominna. Þessi breyting er óhjákvæmilegur fylgifiskur þess að æ færri eru félagsbundnir í verkalýðsfélögum og verða sjálfir að bera ábyrgð á að tryggja sig gegn áföllum. Upplýsingaiðnaðurinn, sem í nánustu framtíð mun hafa víðtækari breytingar en nokkurn óraði fyrir, ýtir undir þessar breytingar, því að hann gerir mögulega einstaklingsbundna vinnu í mun ríkara mæli en áður. Aukin einkaeign húsnæðis og útbreiddari eign á hlutabréfum skapa öruggara og ábyrgðarmeira samfélag, því svo undarlega sem það kann að hljóma, þá er einkaeign ágæt leið til að efla samfélagskennd.

Einkavæðing er raunveruleg valddreifing og framkvæmd eins og hún er hér í Bretlandi, gefur hún almenningi kost á að njóta þess að láta fjármagn vinna fyrir sig að hluta. En það krefst þess að þróaður fjármálamarkaður sé fyrir hendi.

Rúna Gísladóttir sýnir á Kjarvalsstöðum

RÚNA Gísladóttir opnar einkasýningu á Kjarvalsstöðum laugardaginn 7. nóvember kl. 14.00.

Þetta er fyrsta einkasýning Rúnu, en hún hefur tekið þátt í nokkrum samsýningum á undanförnum árum, m.a. FÍM sýningum árin 1981 og 1983, Reykjavík í myndlist sumarið 1986 á Kjarvalsstöðum og kirkjulistasýningu á Kjarvalsstöðum um páska 1983.

Rúna Gísladóttir er fædd í Kaupmannahöfn 3. september 1940. Hún lauk kennaraprófi frá Kennaraskóla Íslands 1962 og stundaði almenna kennslu í Reykjavík og á Vatnsleysuströnd um tíu ára skeið. Hún nam síðan málun og myndvefnað í Noregi og var við nám í Myndlista- og handíðaskóla Íslands á árunum 1978 til 1982 þaðan sem hún útskrifaðist úr málaradeild.

Rúna starfar nú sem listmálari á vinnustofu á Selbraut 11 á Seltjarnarnesi þar sem hún stundar einnig myndlistarkennslu.

Á sýningu Rúnu á Kjarvalsstöðum verða málverk og collagemyndir sem hún hefur unnið á undanförnum árum.

Sýningin stendur til 22. nóvember og er opin daglega kl. 14.00-22.00.



Rúna Gísladóttir við eitt af verkum sínum.



HANDVERKFÆRI
alls konar



SKIPTILYKLAR
RÖRTENGUR
TENGUR
FJÖLBREYTT ÚRVAL
SKRÚFÞVINGUR
KLEMMUR
KLEMMUÞVINGUR
HORNAÞVINGUR
ÞJALIR
TRÉSPAÐAR
MIKIÐ ÚRVAL
MÚRARAVERKFÆRI
MÁLBÖND
alls konar


●

KÓKÓS DYRAMOTTUR
margar stærðir

●

STAMUR NETDÚKUR
Á SKIPSBORÐ KOMIN
AFTUR

●



STILL-LONGS
ULLARNÆRFÖT
NÆLONSTYRKT
DÖKKBLÁ FYRIR
BÖRN OG FULLORÐNA
NÆRFÖT ÚR KANÍNU-
ULL
SOKKAR MEÐ
TVÖFÖLDUM BOTNI
ULLARLEISTAR

●

LOÐFÓÐRAÐIR
SAMFESTINGAR
KAPPKLÆÐNAÐUR
ULLARPEYSUR
SKYRTUR
KLOSSAR
ÖRYGGISSKÓR
GÚMMÍSTÍGVÉL

●

KLUKKUR
LOFTVOGIR
ÁTTAVITAR
SJÓNAUKAR
ÁLPOKAR
MERKJABYSSUR
VASALJÓS OG LUKTIR
SKIPASKOÐUNAR-
VÖRUR

ELLINGSEN
Ánanaustum
Grandagarði 2
Opið laugardag 9—12
Sími 28855